



Minnisblað

Efni: Erindi frá Hestamannafélaginu Gnýfara.

Málsnr.: 2111004

Dags.: 8. nóvember 2021

Unnið af: RS/ÁS / GSG

Liður 1.

Erindi frá stjórn Gnýfara

Stjórn hestamannafélagsins Gnýfara.minnir bæjaryfirvöld að gera ráð fyrir að hægt verði að merkja reiðleiðir betur á árinu 2022 bæði með sérmerki og bannmeki um akstur bifreiða og annarra ökutækja.

Stjórn Gnýfara

Umsögn deildarstjóra tæknideildar

Á fjárhagsáætlun er alltaf gert ráð fyrir upphæð til endurnýjunar á umferðarskiltum og uppsetningu nýrra skilta. Reynt verður að taka tillit til ábendingar hestamannafélagsins og merkja reiðleiðir eins og fjárheimildir leyfa.

Liður 2.

Erindi frá stjórn Gnýfara

Stjórn hestamannafélagsins Gnýfara.minnir bæjaryfirvöld að ennþá er Gnýfari rukkaður um lóðaleigu vegna Brimvalla 2. Við vitum ekki um neitt annað íþróttamannviki í Fjallabyggð sem þarf að greiða lóaleigu fyrir

Stjórn Gnýfara

Umsögn deildarstjóra stjórnarsýslu og fjármála

Fjallabyggð er í fullum rétti að leggja lóðarleigu þar sem fyrir hendi er lóðarhlutamati á eignarhluta. Deildarstjóri hefur yfirfarið álagningarseðla til að gæta jafnræðis og er þetta eins á öllum eignum með lóðarhlutmat. Íþróttahúsum og öðrum eignum. Þessi fullyrðing í innsendu erindi frá Hestamannafélaginu er því ekki rétt. Lóðarleiga er lögð á allar leigulóðir sem hlutfall af lóðarhlutamati.

Liður 3.

Erindi frá stjórn Gnýfara

Stjórn hestamannafélagsins Gnýfara minnir bæjaryfirvöld að í bréfi dags 30.05.21 sem tekið var fyrir á fundi bæjarráð 15.06.21 er eftirfarandi:

"Á fundinum komum við þeim upplýsingum á framfæri að stjórn Gnýfara hefði fyrir nokkrum árum sent bæjaryfirvöldum bréf þar sem vakin var athygli á þeirri hættu sem stafar af ágangi yfirborðsvatns í miklum leysingum og asarigningum. (dags 04.03.13) og var það tekið fyrir á fundi Skipulags- og umhverfisnefndar á fundi nr. 152 þann 04.04.13. Niðurstaða Skipulags- og umhverfisnefndar var að m.a. „**Einnig að þess verði gætt að útræsin tvö við Kleifaveginnum verði grafin út á hverju vori.**“ Við minntum aftur á þetta málefni með bréfum dags. 14.01.14, 24.05.15. Því eru það okkur mikil vonbrigði að þurfa að fást við þessar hremmingar nú þar sem ekki var búið að grafa út útræsin. Einnig viljum við benda á að það flæddi inn í tveim af fjórum eignahlutum að Brimvöllum 3, þannig að eigendur þeirri þurftu að mæta á þriggja klst fresti til að dæla út úr húsunum og tjón varð á hringvelli Gnýfara"

Umsögn deildarstjóra tæknideildar

Eins og fram kemur í erindi Gnýfara frá 30.05.2021 þá voru miklar leysingar á tímabilinu 15-20 mars 2021. Ekki var búið að moka útræsin tvö við Kleifarveginn þegar þetta átti sér stað en þau eru mokuð á hverju vori til þess að leysingavatn eigi greiða leið af svæðinu. Umrætt svæði er lágt og tiltölulega lárétt og því erfitt að veita vatni af svæðinu. Þau ræsi sem eru til staðar hafa verið hæðarmæld og ekki er hægt að lækka þau enn frekar. Nú er búið að hæðarmæla allt svæðið og er unnið að hönnun á úrbótum með tilliti til þess að afvatna svæðið betur ef það er hægt.

Liður 4.

Erindi frá stjórn Gnýfara

Stjórn hestamannafélagsins Gnýfara skorar á bæjaryfirvöld að benda þingmönnum kjördæmisins á að ríkisvaldið komi að kostnaði við að moka vegin milli Faxavalla og Brimvalla norðan við reiðgerðið þar sem staðsetning reiðskemmu að Faxavöllum 9 er tilkominn vegna snjóflóðahættumats fyrir Ólafsfjörð.

Stjórn Gnýfara

Umsögn deildarstjóra tæknideildar

Fjallabyggð vann deiliskipulag af svæðinu vestan Óss þar sem ekki er hægt að leyfa frekari uppbyggingu á svæðinu sem gömlu hesthúsin eru á. Skipulagt var nýtt hesthúsa hverfi ásamt fjárhúsum fyrir frístundabúskap og reiðskemmu. Það er því ekki hægt að gera kröfu á að ríkið komi að snjómokstri milli reiðskemmu og hesthúsa þar sem það er ákvörðun Fjallabyggðar hvar skemman er byggð.

Liður 5.

Erindi frá stjórn Gnýfara

Stjórn hestamannafélagsins Gnýfara minnir bæjaryfirvöld að í bréfi dags 30.05.21 sem tekið var fyrir á fundi bæjarráð 15.06.21 er eftir farandi:

Frágangur efnisnámu og svæðis þar í kring eftir gerð Héðinsfjarðarganga

Í framhaldi af bréfi frá Gnýfara dags 14.08.11 var haldinn fundur sem Jón Magnússon frá Vegagerðinn, Ármann V. Sigurðsson frá Fjallabyggð og Þorvaldur Hreinsson frá Gnýfara sátu. Á fundinum var farið yfir þær framkvæmdir sem ólokið var samkv. samningi

Fjallabyggðar og Gnýfara dags. 17.05.10. Á fundinum kom Þorvaldur þeirri ábendingu á framfæri að þegar lækirnir sem renna ofan við efnishauginn í Kleifarhorni færu að renna fram í hestahólfið, sem er neðan við hauginn, yrði gengið þannig frá lækjunum að þeim yrði beint í farvegi, en yrðu ekki látnir renna óhindrað yfir hólfið. Niðurstaða fundarins var að frá þessu yrði gengið þegar frá svæðinu yrði gengið. Fjallabyggð samdi síðar við Vegagerðina og yfirtók frágang á svæðinu og fékk greitt fyrir það ákveðna upphæð. Nú 10 árum síðar renna lækirnir yfir hólfið algerlega óhindrað. Stjórn Gnýfara skorar á bæjarráð Fjallabyggðar að láta ganga þannig frá lækjunum að þeir renni í farvegum svo hægt sé að nota hólfið til beitar.

Stjórn Gnýfara

Umsögn deildarstjóra tæknideildar

Frágangi á námunni er ekki lokið og er enn verið að nýta efni af svæðinu. Fjallabyggð hefur verið að nýta efni af svæðinu munu verktakar sem unnið hafa fyrir Fjallabyggð ganga frá því samhliða. Lagt er til að gerðir verði skurðir til þess að veita umræddum lækjum í skurði austan við námuna.

Liður 6.

Erindi frá stjórn Gnýfara 28.10.2021

Stjórn hestamannafélagsins Gnýfara minnir bæjaryfirvöld að samkv. greinargerð vegna deiliskipulags Frístundsvæðis vestan Óss í Ólafsfirði dags 20.02.13 er í lið 6.1 "Umgengnisreglur varðandi opnunartíma svæðisins skulu settar af sveitarstjórn. Fyrirvari er gerður um að þær reglur geti tekið breytingum í ljósi þess sem reynsla af notkun svæðisins leiðir í ljós" Minnum enn fremur þessa ábendingu í bréfi dags 300521 sem tekið var fyrir í bæjarráði 150621 þar sem um þetta er fjallað.

Stjórn Gnýfara

Í greinargerð vegna deiliskipulags Frístundasvæðis vestan Óss í Ólafsfirði dags. 20.02.13, lið 6.1. kemur fram:

Austast á skipulagssvæðinu austan við Kleifaveg er gert ráð fyrir svæði fyrir vélhjólaiþróttir. Í kringum svæðið verður gerð allt að sex metra há hljóðmön þar sem svæðið snýr að hesthúsum og íbúðabyggð. Lagning brautarinnar er frjáls innan þess ramma. Á svæðinu er gert ráð fyrir aðstöðuhúsi undir möninni að norð/vestan.

Umgengnisreglur varðandi opnunartíma svæðisins skulu settar af sveitarstjórn. Fyrirvari er gerður um að þær reglur geti tekið breytingum í ljósi þess sem reynsla af notkun svæðisins leiðir í ljós.

Umsögn deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála:

Vélsleðaklúbbur Ólafsfjarðar er með þetta svæði. Svæðið er í töluverðri notkun. Að sögn Helga Reynis Árnasonar eru til reglur yfir noktun svæðisins, m.a. opunarreglur. Hins vegar hafi skilti eyðilagst og ekki verið endurnýjað.

Deildarstjóri hefur leitað eftir afriti af reglunum og leggur til að nýtt skilti verði útbúið með aðkomu sveitarfélagsins og sett upp á svæðinu í samráði við Vélsleðaklúbb Ólafsfjarðar.

Liður 7.

Erindi frá stjórn Gnýfara

Stjórn hestamannafélagsins Gnýfara minnir bæjaryfirvöld enn einu sinni á það að reiðskemman félagsins að Faxavöllum 9 er enn án kaldavatn inntaks. Okkur er ekki kunnugt um að neitt íþróttahús eða önnur aðstaða til íþróttariðkunar búi við slíkar aðstæður. Við viljum líka benda á það að þegar vatnið sem fór yfir reiðgólfið 19.03.21 sjattnaði, eftir flóðin 19.03.21 þéttist sandurinn og var margfallt betra að ríða á honum. Hlutur sem við höfum vitað lengi.

Umsögn deildarstjóra tæknideildar:

Hestamannafélagið Gnýfari hefur sótt um að fá styrk fyrir kaldvatnsinntaki á hverju ári frá því skemman var byggð ef ég man rétt. Því hefur alltaf verið synjað. Fjallabyggð setti 1,2 milljónir í stofnkostnað við að leggja vatn að skemmuni og var ákveðið á sínum tíma að félagið fengi inntaksgjaldið ekki fellt niður.

Ríkey Sigurbjörnsdóttir deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála

Ármann Sigurðsson deildarstjóri tæknideildar

Guðrún Sif Guðbrandsdóttir deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála